

Aðalfundur Heimilis og skóla 22. maí 2018

Haldinn að Suðurlandsbraut 24 kl. 17

1. Guðni R Björnsson kosinn fundarstjóri og Bryndís Jónsdóttir fundarritari
2. Hrefna Sigurjónsdóttir framkvæmdastjóri kynnti ársskýrslu Heimilis og skóla og sagði frá verkefnum síðasta árs.
3. Hrefna kynnti einnig ársreikninginn fyrir 2017. Góð afkoma og stöðugleiki í rekstrinum. Gerður var viðaukasamningur á á árinu við mennta- og menningarmálaráðuneytið sem tryggði meira fjármagn til rekstrarins á því ári. Framtíðin er hins vegar óljós þar sem samtökin eru samningslaus við ráðuneytið þegar þetta er ritað.
4. Ársskýrsla og ársreikningar samþykkt einróma.
5. Kosning formanns. Sigrún Edda Eðvarðsdóttir og Þröstur Jónasson í framboði. Sigrún Edda hlaut 6 atkvæði og er þar með rétt kjörinn formaður en Þröstur hlaut 5 atkvæði.
6. Kosning þriggja stjórnarmanna. Eydís Heiða Njarðardóttir, Sigríður Arndís Jóhannsdóttir, Þórður Ingi Bjarnason og Þröstur Jónasson í framboði. Eydís, Sigríður og Þröstur hlutu öll 11 atkvæði og eru þar með rétt kjörin í stjórn.
7. Sigrún Edda Eðvarðsdóttir nýkjörinn formaður tók til máls, lýsti yfir ánægju með nýja stjórnarmenn og lýsti yfir óskum um áframhaldandi samheldni og góðs samstarfs.
8. Hrefna Sigurjónsdóttir afhenti fráfarandi formanni Önnu Margréti Sigurðardóttur og varaformanni, Jenný Ingudóttur, blómvendi og þakkaði þeim fyrir gott samstarf.
9. Anna Margrét Sigurðardóttir fráfarandi formaður tók til máls, óskaði nýjum stjórnarmönnum til hamingju og stjórn velfarnaðar. Hún tiltók sérstaklega að henni þætti leitt að skilja við samtökin í fjárhagslegri óvissu eftir samningaviðræður við mennta- og menningarmálaráðuneytið sem hafa staðið í á annað ár. Svo virðist sem tíð ráðherraskipti hafi haft þau áhrif að óljóst er hvar ákvörðunarvaldið um nýjan samning liggur.
10. Jenný Ingudóttir fráfarandi varaformaður tók til máls og þakkaði fyrir gott samstarf og ánægjulegan tíma í stjórn.
11. Fundi slitið 18.00

Fundargerð ritaði Bryndís Jónsdóttir